



Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Laufskálar 2
850 HELLA

Garðabær, 11.6.2025
Málsnúmer: 202504-0044
IAS

Efni: Sorpstöðin að Strönd. Breyting á deiliskipulagi.

Vísað er til erindis Rangárþings ytra, dagsett 22. apríl 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir sorpstöðina Strönd.

„Markmið breytingarinnar er að rýmka fyrir núverandi starfsemi og þjónustu sem fer fram á sorpstöðinni að Strönd í Rangárvöllum, ásamt viðbótum vegna móttöku á mengandi úrgangi. Breyting er gerð á byggingarreitum og plönunum undir starfsemi sorpstöðvarinnar, plön eru stækkuð og byggingarmagn aukið. Bætt er við byggingarreitum fyrir skemmur, starfsmannahús, eyðingastöðvar í formi brennslu og plönunum fyrir meðhöndlun mengandi úrgangs auk lekavarna á urðunarreinum og plönunum. Þá verður skoðað með endurnýtingu á eldri urðunarsvæðum, með það að markmiði að bæta landnýtingu svæðisins. Með breytingunni er einnig verið að stuðla að betri mengunarvörnum með auknu eftirliti og vöktun. Áætlað er að nýta hita úr brennslu til upphitunar vatns sem m.a. nýtist til húshitunnar.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér breytingarnar og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Deiliskipulagssvæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis, Suðurlandsundirlendið, en svæðinu hefur þegar verið raskað vegna fyrri framkvæmda. Svæðið er að hluta til þakið lúpínu og er ekki æskilegt að hún dreifi sér frekar við framkvæmdirnar en samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru vistgerðir með hátt verndargildi í næsta nágrenni.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur